

24

17. gr.

13. jan.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum reyna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

25

L Ö G

13. jan.

um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til stuðnings bændum í sveitum þeim, er mæðiveikin geisar í, og tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma á árinu 1938 þær ráðstafanir, er hér segir:

- a. Að verja til greiðslu upp í vexti af veðlánnum og upp í jarðarafgjöld leiguliða fjárupphæð, er nemur allt að 150000 kr.
- b. Að verja til sýslu- og hreppavega í mæðiveikisveitunum fjárupphæð, er nemi allt að 110000 kr.
- c. Að verja til byggingar gróðurhúsa við jarðhita, þó ekki yfir $\frac{1}{3}$ kostnaðar, stofnstyrk, er nemi allt að 5000 kr., enda standi félagsskapur bænda í mæðiveikisveitunum að starfseminni.
- d. Að veita styrk til stofnunar rjómaþúsa í mæðiveikisveitunum, allt að helmingi kostnaðar.
- e. Að greiða styrk til framræslu og túnasléttunar, er nemi allt að tvöföldum styrk, sem greiddur er til skurðagerðar og túnasléttunar samkv. jarðræktarlögum, og til túnauka allt að jafnháum styrk og veittur er samkv. jarðræktarlögum. Auk þess greiðist lögmaeltur jarðræktarstyrkur.

2. gr.

25

13. jan.

Um úthlutun fjár þess, sem um getur í 1. gr., fer eftir reglum þessarar greinar:

- a. Hver hreppsnefnd á svæðinu skipar einn mann til þess að gera tillögur um úthlutun fjárins að því er snertir þann hrepp.
- b. Hver sýslunefnd á svæðinu skipar tvo menn til þess að vera í ráðum um úthlutun fjárins að því er snertir þá sýslu.
- c. Landbúnaðarráðherra skipar, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, þriggja manna nefnd til þess að hafa á hendi úthlutun fjárins.

Þeir menn, sem hreppsnefndir skipa, gera tillögur til þeirra manna, sem hlutaðeigandi sýslunefndir hafa valið, um stuðning til bænda samkv. lögum þessum, hver í sínum hreppi.

Þeir menn, sem sýslunefndir hafa valið, gera tillögur til nefndar þeirrar, sem landbúnaðarráðherra skipar, um stuðning til bænda í hlutaðeigandi sýslu.

Nefnd sú, er landbúnaðarráðherra skipar, úthlutar, að fengnum þeim tillögum, er að framan getur, milli bænda fé því, sem er til umráða samkv. lögum þessum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að fela nefndinni yfirstjórn og eftirlit með vörn-um gegn útbreiðslu mæðiveikinnar. Skipar þá landbúnaðarráðherra framkvæmdar- stjóra eftir tillögum nefndarinnar, er annist framkvæmd varnanna.

3. gr.

Hreppssjóðir greiða kostnað þeirra manna, sem ræðir um í a-lið 2. gr., sýslu- sjóðir kostnað þeirra manna, sem um ræðir í b-lið 2. gr., og rikissjóður kostnað af starfi þeirrar nefndar, sem um ræðir í c-lið 2. gr.

4. gr.

Nefnd sú, er landbúnaðarráðherra skipar samkv. 2. gr., skal beita sér fyrir því, að lánsstofnanir veiti þeim bændum, sem koma undir ákvæði laga þessara og eigi geta innt af hendi afborganir að dómi hennar, greiðslufrest á afborgunum af lánum þeirra í lánsstofnunum fyrir árin 1937 og 1938.

5. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum fyrir árið 1937, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fá samkvæmt lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar.

Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum þeirrar nefndar, er hann skipar samkv. 2. gr., reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.